

# Vísindanefnd

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Unnið var úr umsóknum og úthlutað úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2015 veturinn 2014. Á vegum vísindanefndar starfa sjálfstæð fagráð sem skipuð eru þremur til fimm fulltrúum hvert. Hlutverk fagráða er að annast faglegt mat og forgangsöröðun á umsóknum í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands, Doktorssjóð Rannsóknasjóðs og Háskólasjóð Eimskipafélagsins. Faglegt mat og forgangsöröðun fagráða skal byggjast á forsendum og viðmiðum sem vísindanefnd háskólaráðs setur. Fagráðin meta allar umsóknir á sínu fagsviði. Samræming og lokafrágangur úthlutunar er síðan í höndum vísindanefndar.

Við úthlutun fyrir 2015 var unnið samkvæmt breyttum viðmiðum og samræming á mati á verkefnum og ritvirkni umsækjenda var aukin. Lögð var áhersla á að styrkja sem mest þau verkefni sem líklegust þykja til árangurs vegna vísindagildis og virkni umsækjanda. Auk þess var veitt auka fjárveiting til sjóðsins til þess að styðja við unga vísindamenn. Umsóknir í sjóðinn voru 287 og alls voru 266 verkefni styrkt. Alls var úthlutað um 248 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2015. Hver styrkur nam að meðaltali 932 þús.kr. (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Einnig voru veittir styrkir til ráðstefnuferða stúdenta í doktorsnámi. Unnt var að styrkja 30 doktorsnema úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði. Í ár voru umsóknir alls 150 (sjá nánar kafla um doktorsstyrki). Faglegt mat á umsóknum var, samkvæmt reglum, í höndum vísindanefndar og fagráða hennar. Var umsóknum forgangsraðað eftir vísindalegu gildi verkefnis, vísindalegri hæfni leiðbeinenda og náms- og rannsókniferli stúdents.

Önnur verkefni vísindanefndar á árinu lutu aðallega að áframhaldandi endurskoðun á Rannsóknasjóði og breyttu fyrirkomulagi varðandi umsóknir, styrkveitingar og úrvinnslu. Einnig var áframhald á vinnu við að skerpa á áherslum um mat á umsóknum um doktorsstyrki.

## Skipan vísindanefndar

Nefndina skipuðu árið 2014:

- Ármann Jakobsson, prófessor á Hugvísindasviði, formaður
- Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor á Félagsvísindasviði vor 2014
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor á Félagsvísindasviði haust 2014
- Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, dósent á Félagsvísindasviði varamaður haust 2014
- Irma Erlingsdóttir, dósent á Hugvísindasviði
- Oddur Ingólfsson, prófessor á Verkfræði- og náttúrvísindasviði
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor á Menntavísindasviði
- Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent á Menntavísindasviði, varamaður haust 2014
- Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði vor 2014
- Árni Kristjánsson, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði haust 2014
- Fanney Þórsdóttir, dósent á Heilbrigðisvísindasviði varamaður haust 2014
- Ragnheiður B. Halldórsdóttir fulltrúi stúdenta vor 2014
- Sunna Símonardóttir fulltrúi stúdenta haust 2014